

Föstudaginn 22. mars 1991.

Nr. 429/1990. **Ákærvaldið**(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn**Viðari Ævarssyni**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. september 1990 til sakfellingar samkvæmt ákæru og refsí-
ákvörðunar.

Í héraðsdómi eru eftirfarandi ummæli höfð eftir Grími Grímssyni lögregluþjóni: „Vitnið bar að aðstæður hafi ekki verið með besta móti á mælingarstað, eins og reiknað sé með þegar rætt sé um hámarkshraða á hverjum stað. Vitnið bar að myrkur hafi m.a. verið er mæling fór fram.“

Frásögn þessi er ekki alls kostar í samræmi við framburð vitnisins í sakadómi Reykjavíkur. Hann er svohljóðandi: „Vitnið kveður ummæli (höfð eftir því í framburði ákærða) um aðstæður vera að vísa til þess sem oft sé sagt við öikumenn, að hámarkshraði sé miðaður við bestu aðstæður á hverjum stað, en ekki sé hægt að segja að aðstæður til aksturs hafi verið þannig, með besta móti því m.a. hafi verið myrkur.“

Hin tilvitnuðu orð úr framburði vitnisins verða ekki með réttu skilin öðruvísi en svo, að með þeim hafi vitnið eingöngu verið að tjá sig um akstursskilyrði á vettvangi.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, fullyrti vitnið Atli Már Sigurðsson lögregluþjónn, að skilyrði til hraðamælingar hefðu verið mjög góð á mælingarstað, og gæti slík mæling ekki orðið betri og nákvæmari en hún hefði verið í umræddu tilviki.

Samkvæmt þessu verður að líta svo á, að fullnægjandi skilyrði hafi verið til að mæla ökuhraða bifreiðar ákærða, er henni var ekið á hægri akrein Hringbrautar fram hjá Smáragötu, þar sem lögreglu-

bifreiðin R-20015 stóð við gatnamótin. Eigi verður það talið hnekkja sönnunargildi hraðamælingarinnar, eins og hér stóð á, að mældur ökuhraði bifreiðarinnar var ekki varðveittur á ratsjánni. Ljósrit úr dagbók lögreglunnar um hraðamælingu með ratsjá ber með sér, að umrædd hraðamæling var þar skráð. Þar kemur einnig fram, að ratsjain var prófuð bæði fyrir og eftir mælingu, þ.e. kl. 22.40 og kl. 24.00. Dagbókin er undirrituð af báðum framangreindum lögregluþjónum.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, telst sannað, að ákærði hafi ekið bifreiðinni G-9629 vestur Hringbraut fram hjá Smáragötu í Reykjavík rétt fyrir miðnætti hinn 28. júlí 1988 á 95 km hraða miðað við klukkustund, en leyfilegur hámarkshraði á Hringbraut á umræddum slóðum var á þessum tíma 50 km miðað við klukkustund. Með þessum hraðakstri braut ákærði gegn 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þykir refsing hans samkvæmt 1. mgr. 100. gr. laganna hæfilega ákveðin 12.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi fjögurra daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað í héraði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Viðar Ævarsson, greiði 12.000 króna sekt í ríkissjóð, en sæti fjögurra daga varðhaldi, verði sektin eigi greidd innan fjögurra vikna frá frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað í héraði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. júní 1989.

Ár 1989, fimmtudaginn 29. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn

upp dómur í sakadómsmálinu nr. 315/1989: Ákærvaldið gegn Viðari Ævarssyni, sem tekið var til dóms þann 8. júní sama ár.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dagsettu 24. nóvember 1988, gegn ákærða, Viðari Ævarssyni nema, til heimilis að Vífilsgötu 13 hér í borg, kt. 24.11.67-4379, „fyrir að aka, að kvöldi laugardagsins 16. júlí 1988, bifreiðinni G-9629 vestur Hringbraut í Reykjavík með allt að 95 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafla að Smáragötu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir eru sem hér segir samkvæmt framburði ákærða og öðrum gögnum málsins.

Laugardaginn 16. júlí 1988 voru lögreglumenn við hraðamælingar á Hringbraut við Smáragötu, er bifreiðinni G-9629 var ekið vestur Hringbraut, og sýndi ratsjain þá töluna 95 km/klst. Í frumskýrslu málsins kemur fram, að annarri bifreið hafi verið ekið sömu leið á sömu akrein fyrir framan bifreiðina G-9629. Í frumskýrslu segir, að ratsjain hafi sýnt töluna 82 km/klst., er bifreiðin kom inn í radarinn. Við Smáragötu hafi bifreiðinni G-9629 verið ekið fram úr bifreiðinni, sem áður er nefnd, á hægri akrein, og hafi ratsjain þá sýnt töluna 95 km/klst., svo sem fram kemur hér að framan.

Lögreglan hafði afskipti af öikumönnum beggja bifreiðanna, og bar öku maður bifreiðarinnar G-9629, ákærði í máli þessu, Viðar Ævarsson, að hafa ekið bifreiðinni nokkuð lengi á vinstri akrein á eftir annarri bifreið, en ákveðið að aka fram úr henni við Smáragötu. Ákærði bar, að hann teldi sig hafa ekið bifreiðinni með 80 km/klst., er hann ók fram úr bifreiðinni, án þess að hann hefði fylgst með hraðamæli.

Ákærða var boðið að ljúka málinu með dómsátt og greiðslu 8.000 króna sektar í sakadómi Reykjavíkur þann 27. september sl., en því boði hafnaði hann.

Ákærði gaf skýrslu við meðferð málsins fyrir dómi.

Ákærði bar að hafa ekið bifreiðinni G-9629 vestur Hringbraut að kvöldi laugardagsins 16. júlí 1988, uns akstur var stöðvaður af lögreglu vegna grunar um of hraðan akstur ákærða. Ákærði bar, að hann teldi sig hafa ekið bifreiðinni með 70 km/klst. á framangreindum stað og tíma, þ.e. á kaflanum við Smáragötu.

Ákærði bar, að er hann hefði komið inn í lögreglubifreiðina, hefði annar lögreglumannanna borið, að þeim hefði gengið erfiðlega að mæla hraða bifreiðarinnar G-9629 og ekki tekist að festa inni kærða tölu.

Ákærði mótmælti kærðum hraða, 95 km/klst.

Ákærði bar, að einn farþegi hefði verið í bifreiðinni, Valdimar Bragason.

Vitnið Valdimar Bragason gaf skýrslu við meðferð málsins fyrir dómi.

Vitnið bar að hafa verið farþegi í bifreiðinni G-9629 að kvöldi laugardagsins 16. júlí sl., þar sem henni var ekið áleiðis vestur Hringbraut. Vitnið bar, að ákærði hefði stöðvað (sic) á ljósum á mótum Hringbrautar og Njarðargötu og lögreglumaður þá komið og rætt við ákærða. Lögregla hefði beðið ákærða að færa bifreiðina, þar sem þeir (sic) hefðu einnig haft afskipti af öðrum öikumanni vegna grunar um of hraðan akstur.

Vitnið bar, að það hefði rætt við öikumann hinnar bifreiðarinnar, á meðan lögreglan ræddi við ákærða. Vitnið kvað þann hafa farið á undan ákærða inn í lögreglubifreiðina og borið, að talan á radarnum hefði verið lág tala, undir 50 km/klst., en ekki sú tala, er ákærði og hann hefðu verið kærðir fyrir. Vitnið bar, að maður þessi hefði ekið rauðri Lada-bifreið.

Vitnið kvaðst hafa litið á hraðamæli öðru hverju, áður en ákærði hefði farið fram úr Lada-bifreiðinni, og hefði hann þá sýnt töluna 50-60 km/klst. og hann því varla verið á meiri hraða en 60-70 km/klst., er hann ók fram úr henni. Vitnið kvað ákærða hafa þurft að hægja ferðina skömmu eftir það, þar sem hann hefði nálgast umferðarljósinn.

Vitnið Atli Már Sigurðsson lögreglumaður gaf skýrslu við meðferð málsins fyrir dómi.

Vitnið bar að hafa verið við radarmælingar á Smáragötu við Hringbraut laugardaginn 16. júlí sl. og hraði bifreiða, sem ekið var vestur Hringbraut, verið mældur. Vitnið bar, að bifreið af gerðinni Lada hefði komið inn í geislann og ratsjain þá sýnt töluna 82 km/klst. Vitnið kvað bifreið af gerðinni Honda hafa komið fast á eftir, og hefði henni verið ekið fram úr Lada-bifreiðinni; um leið hefði hún nálgast lögreglubifreiðina og ratsjain þá sýnt töluna 95 km/klst. Vitnið bar, að höfð hefðu verið afskipti af öikumönnum skömmu síðar, þar sem þeir hefðu verið kyrrstæðir á rauðu ljósi á mótum Hringbrautar og Njarðargötu.

Vitnið bar, að aðstæður hefðu verið mjög góðar á mælingarstað, lögreglubifreiðin hefði verið staðsett (sic) vinstra megin við gangbraut, og við framúraksturinn hefði Honda-bifreiðin verið í beinni línu við radarinn, því að ákærði hefði um leið skipt um akrein og því verið á þeirri akrein, sem nær sé Smáragötunni. Vitnið kvaðst hafa verið undrandi á akstursmáta ákærða, þar sem lögreglubifreiðinni hefði verið lagt við vegkantinn.

Vitnið bar, að fyrir utan það, að ratsjain hefði sýnt kærðan hraða, þá hefði verið augljóst, að ákærði ók bifreiðinni mjög greitt.

Vitnið bar, að skýringin á því, að kærð tala hefði ekki verið læst inni, væri sú, að það væri erfitt, þegar mældar væru fleiri bifreiðar en ein. Aðrar aðstæður á mælingarstað hefðu verið góðar, og mæling gæti í raun ekki orðið betri og nákvæmari en í þessu tilviki.

Vitnið Grímur Grímsson lögreglumaður gaf skýrslu við meðferð málsins fyrir dómi.

Vitnið bar að hafa verið við hraðamælingar á Hringbraut og verið í lögreglubifreið, sem staðsett (sic) hefði verið á Smáragötu. Vitnið bar, að hraði bifreiða, sem ekið hefði verið vestur Hringbraut, hefði verið mældur.

Vitnið bar, að það myndi eftir tveimur bifreiðum, sem ekið var vestur Hringbraut á þessum tíma. Vitnið bar, að fyrst hefði Lada-bifreið komið inn í geislann og ratsjain þá sýnt töluna 82 km/klst. Vitnið kvað Honda-bifreiðinni þá hafa verið ekið fram úr Lada-bifreiðinni og yfir á hægri akrein og ratsjain þá sýnt töluna 95 km/klst.

Vitnið bar, að þeir (sic) hefðu haft afskipti af báðum öikumönnum á Hringbraut við Njarðargötu, og hefði ákærði þá borið að hafa ekið bifreiðinni með 80 km/klst.

Vitnið bar, að kærð tala hefði ekki verið læst inni, þar sem þeir (sic) hefðu haldið áfram að mæla bifreiðarnar, eftir að þær hefðu komið inn í geislann.

Vitnið bar, að aðstæður hefðu ekki verið með besta móti á mælingarstað, eins og reiknað sé með, þegar rætt sé um hámarkshraða á hverjum stað. Vitnið bar, að myrkur hefði m.a. verið, er mæling fór fram.

Vitnið Jón Ómar Sveinbjörnsson, ökumaður Lada-bifreiðarinnar R-71693, gaf skýrslu við meðferð málsins fyrir dómi.

Vitnið bar að hafa ekið bifreið sinni samhliða bifreið af gerðinni Honda vestur Hringbraut laugardagskvöldið 16. júlí sl. Vitnið bar, að ökumaður Honda-bifreiðarinnar hefði farið fram úr bifreið vitnisins, skömmu áður en þeir hefðu komið að umferðarljósunum á Hringbraut og Njarðargötu, en þá hefði logað rautt ljós fyrir akstursstefnu þeirra. Vitnið bar, að það hefði ekki veitt lögreglubifreiðinni athygli, er það ók um Hringbraut.

Vitnið bar, að það hefði farið inn í lögreglubifreiðina og það verið kært fyrir að hafa ekið bifreiðinni með 80 km/klst., en ratsjain hefði sýnt töluna 60 km/klst.

Vitnið Hákon Einarsson gaf skýrslu við meðferð málsins fyrir dómi.

Vitnið bar að hafa verið farþegi í bifreiðinni R-71693, þar sem henni var ekið vestur Hringbraut að kvöldi laugardagsins 16. júlí sl. Vitnið bar, að það hefði ekki tekið eftir neinu sérstöku, fyrr en bifreiðin hefði verið kyrrstæð á mótum Hringbrautar og Njarðargötu, þegar lögreglumaður hefði komið og bankað í gluggann.

Vitnið bar, að það hefði ekki fylgst með hraðamæli bifreiðarinnar, en ökumaður hennar, Jón Ómar, hefði fylgt umferðarhraða og ekið bifreiðinni með 60-70 km/klst.

Vitnið bar, að það myndi eftir Honda-bifreið, sem ekið hefði verið um Hringbraut og fram úr bifreið Jóns Ómars, og hefði ökumaður hennar stöðvað (sic) við umferðarljósinn skammt á undan sér.

Vitnið Sævar Geir Hallvarðsson gaf skýrslu við meðferð málsins fyrir dómi.

Vitnið bar að hafa verið farþegi í bifreiðinni R-71693, þar sem henni var ekið um Hringbraut 16. júlí sl., og hefði það setið í farþegasæti við hlið ökumanns.

Vitnið bar, að ökumaður Lada-bifreiðarinnar hefði fylgt umferðarhraða og því trúlega ekið bifreiðinni á 60 km/klst., en vitnið kvaðst ekki hafa fylgst með hraðamæli bifreiðarinnar greint sinn.

Vitnið bar, að það myndi eftir, að Honda-bifreið hefði verið ekið fram úr Lada-bifreiðinni, en ökumaður hennar hefði stöðvað (sic) á ljósum, og það hefði ökumaður Lada-bifreiðarinnar einnig gert. Vitnið bar, að það hefði litið út á ljósunum til að skoða Honda-bifreiðina, þar sem það hefði verið mjög falleg bifreið, og þá hefði lögreglan komið. Vitnið kvað lögreglumanninn hafa beðið ökumann Lada-bifreiðarinnar að færa bifreiðina út í kantinn. Vitnið bar, að það hefði ekki séð lögregluna fyrr en þá, og kvaðst það ekki treysta sér til að bera um hraða Honda-bifreiðarinnar.

Ákærði gaf viðbótarskýrslu fyrir dómi.

Ákærði bar, að hann hefði ekið bifreiðinni G-9629 í öðrum gír frá hringtorginu. Ákærði bar, að þegar hann hefði skipt um akrein, hefði rautt ljós logað á umferðarvitnum, og hefði hann þá ekið áfram í öðrum gír hægt að ljósunum.

Í dagbók lögreglunnar frá 16. júlí 1988 kemur fram, að á sömu mínútu, þ.e. kl. 23.08, hafi hraði tveggja bifreiða, sem ekið var vestur Hringbraut, verið mældur, annars vegar hraði bifreiðarinnar R-71693 og hins vegar hraði bifreiðarinnar G-9629.

Svo sem fram kemur hér að framan, var bifreið ákærða ekið á eftir bifreiðinni R-71693 á syðri akrein, en við Smáragötu, þar sem lögreglubifreiðin var staðsett (sic), hafi henni verið ekið fram úr bifreiðinni yfir á nyrðri akrein.

Ökumaður bifreiðarinnar G-9629 var kærður fyrir að hafa ekið bifreiðinni á 95 km/klst., en ökumaður bifreiðarinnar R-71693 var hins vegar kærður fyrir að hafa ekið á 82 km/klst., hvorug talan var fest inni á radarnum. Báðir ökumenn mótmæltu kærðum hraða á staðnum. Í framburði ökumanns Lada-bifreiðarinnar kemur fram, að hann hafi séð töluna 60 km/klst. á radarnum, en ákærði hefur skýrt frá því, að slökkt hafi verið á radarnum, er hann kom inn í lögreglubifreiðina.

Í báðum bifreiðunum voru farþegar, en lögregla skráði ekki nöfn þeirra á staðnum, svo sem lagaskylda er, en þegar ákærði gaf framburðarskýrslu hjá lögreglu, bar hann, að Valdimar hefði verið farþegi í bifreiðinni.

Við meðferð málsins í sakadómi var síðan haft uppi á vitnum í hinni

bifreiðinni, en æskilegt hefði verið, að framburður þeirra hefði legið fyrir frá upphafi málsmeðferðar hjá lögreglu.

Verjandi ákærða vikur að því í vörn sinni, að lögreglumenn þeir, er unnu að hraðamælingu greint sinn, hafi ekki gefið neina skýringu á því, hvers vegna færða talan var ekki læst á skjánum, þar sem hraði bifreiðar ákærða hafi verið mældur á eftir hraða Lada-bifreiðarinnar.

Verjandi bendir enn fremur á það, að óforsvaranlegt sé með öllu að mæla hraða tveggja bifreiða á sama tíma, þar sem tölur í ratsjárglugga breytist ört og slíkt sé til þess fallið að valda mistökum, þegar um fleiri bifreiðar er að ræða og færð tala ekki fest inni á skjánum.

Verjandi telur, þegar framangreind atriði séu virt ásamt framburði vitna, vafa á, að umrædd hraðamæling sé rétt.

Niðurstöður.

Ákærði hefur frá upphafi mótmælt færðum hraða. Aðeins eitt vitni fyrir utan lögreglumennina af fjórum mögulegum var kallað fyrir hjá lögreglu, og verður að telja, að það hafi verið mjög bagalegt fyrir framgang rannsóknar málsins, eins og það lá fyrir þegar í upphafi.

Vitnið Valdimar Bragason bar, að ákærði hefði varla ekið bifreiðinni á meira en 60-70 km/klst., er hann ók fram úr Lada-bifreiðinni, en vitnið var eigandi bifreiðarinnar á undan ákærða og því vel kunnugt henni. Bifreiðarstjóri Lada-bifreiðarinnar kvaðst telja, að hann hefði ekið á 60 km/klst., er það ók samhliða bifreið ákærða á Hringbraut. Vitnin Hákon Einarsson og Sævar Geir Hallvarðsson hafa bæði borið, að bifreiðarstjóri Lada-bifreiðarinnar hafi fylgt umferðarhraða og því ekið á 60-70 km/klst. Vitnin treystu sér ekki til að bera um hraða Honda-bifreiðarinnar, en mundu eftir, að hún fór fram úr Lada-bifreiðinni og var kyrrstæð við hlið Lada-bifreiðarinnar á rauðu ljósi á gatnamótum Hringbrautar og Njarðargötu.

Lögreglumenn, er unnu að hraðamælingum, hafa borið, að ástæðan til þess, að færð tala hvorugrar bifreiðarinnar hafi ekki (sic) verið fest inni, hafi verið sú, að þeir hafi haldið áfram að mæla. Þetta sé algengt, þegar mældar séu fleiri bifreiðar en ein.

Í málum sem þessum, þar sem færð tala er aðalgrundvöllur málshöfðunar, verður að telja edlilegt, að sökunautur sjái sjálfur færða tölu á skjánum við upphaf málsins. Verulega þykir halla á rétt sökunautar, þar sem honum gefst ekki tækifæri til að sjá aðalsönnunargagnið í málinu.

Bifreiðarnar voru mældar á sömu mínútnunni, og þegar litið er til þess, sem að framan er rakið, verður að líta svo á, að sú aðferð sé eigi nægilega örugg og tryggileg.

Þegar litið er til þeirra atriða, sem að framan eru rakin, verður að telja,

að í upphafi hafi málið eigi verið nægilega rannsakað og óvarlegt, þegar litið er til þeirra atriða, sem hér að framan eru rakin, að telja, að mæling hafi verið unnin með þeim hætti, að leiða skuli til sakfellingar ákærða. Ákærði er því sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Sakarkostnaður.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, krónur 10.000.

D ó m s ó r ð:

Ákærði, Viðar Ævarsson, skal sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., kr. 10.000.